

Skipulagsstofnun  
Valur Klemensson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



Reykjavík 11. desember 2015  
UST201511-190/B.S.  
10.05.01

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Námur á Lyngdalsheiði. Frekari umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 11. des. 2015 þar sem komið er á framfæri athugasemdum Verkfræðistofnunnar Eflu við umsögn Umhverfisstofnunar dags. 30. nóv. sl. Umhverfisstofnun vill benda á að á undanförunum árum hafa ýmsir stærri framkvæmdaaðilar s.s. Vegagerðin lagt áherslu á að forðast efnistöku úr skriðum ef þess er nokkur kostur til að draga úr neikvæðum áhrifum efnistökkunnar.


Í námu 4 er lagt til að taka efni í mjög langan tíma á mismunandi stöðum í námunni og væntanlega af mismunandi aðilum. Umhverfisstofnun vill benda á að til þessa hefur reynst erfitt að fylgja eftir áætlun um efnistöku þar sem svona háttar til. Í þessu sambandi vill Umhverfisstofnun benda á námur í Seyðishólum, Friðsæld við Hornafjörð og námu við Almannaskarð. Umhverfisstofnun telur að fjallshlíðar henti illa til efnistöku í langan tíma þar sem efni er tekið af ýmsum aðilum með mismunandi verklag og sýn á útlit námunnar.

Umhverfisstofnun telur að þar sem háttar til eins og í námu 4 eigi að hanna efnistökusvæði sem verði nýtt í einum áfanga eins og náma Vegagerðarinnar í Reyðarbarmi. Mörk námunnar verði alls ekki miðuð við ákveðin hnit heldur ráði lögun jarðmyndunarinnar hversu mikið efni er unnt að taka án þess að skerða ásýnd svæðisins.

Umhverfisstofnun vill ítreka fyrri umsögn að efnistaka úr grónum skriðum og fjallshlíðum geti haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri